

24 listamenn hljóti föst laun

Frumvarp Gunnars Thoroddsen

FRAM er komið á Alþingi frumv. til laga um listamannalaun. Er það flutt af Gunnari Thoroddsen. 1. umr. um frumv. fór fram í gær.

Frumvarpið er á þessa leið:

1. gr.) Veita skal tiltekinni tölu viðurkenndra listamanna föst listamannalaun eftir lögum þess-um.

2. gr.) Sex mönnum skal veita 20 þús. kr. árslaun. Sameinað Alþingi ákveður með skriflegri atkvæðagreiðslu og umræðulaust, hverjir þessara launa skuli njóta.

3. gr.) Sex mönnum skal veita 15 þús. kr. árslaun, tólf mönnum 12 þús. kr. árslaun og tólf mönnum 8 þús. kr. árslaun. Menntamálaráðherra ákveður, hverjir þessara launa skuli njóta, eftir tilnefningu samkvæmt 4. gr.

Engum má veita laun eftir þessari grein, sem yngri er að árum en fertugur.

4. gr.) Heimspekideild háskólans, eða fimm menn, sem hún velur til, og menntamálaráð, hvor aðili í sínu lagi, skulu gera tillögur til ráðherra um það, hverjum veita skuli listamannalaun eftir 3. gr. Skal hvor aðili gera í fyrsta sinn tillögu um fulla tölu manna í hverja launaflokk. En síðan skal hvor aðili tilnefna tvo menn til hverra listamannalauna, sem laus verða til veitingar.

Sækja má um listamannalaun, einnig fyrir hönd annars manns. En tilnefna skal menn til launanna og veita þau án tillits til þess, hvort umsókn hefur komið fram eða ekki.

5. gr.) Meta skal þetta við veiting listamannalauna eftir 3. gr. og hafa hliðsjón af, að öðru jöfnu:

a) hversu arðbær sú listgrein er almennt, sem maður leggur stund á,

b) hvort maður gegnir föstu starfi og hversu vel launuðu,

c) hvort maður hefur eftirlaunarétt,

d) hvort maður hefur verulegar tekjur af eignum eða fjárfella utan sinnar listgreinar.

6. gr.) Veiting listamannalauna skal fylgja sami réttur og veiting embættis, eftir því sem við getur átt, en án aldurshámarks og án eftirlauna til maka, enda greiddist ekki lífeyrissjóðsgjald af listamannalaunum. — Ráðherra getur svipt mann listamannalaunum, sem veitt eru eftir 3. gr., ef maðurinn gerist sekur um afbrot eða mjög vitavert framferðir.

7. gr.) Listamannalaun eftir 3. gr. skulu falla til veitingar á ný, ef svo verður:

a) að maður hverfur úr landi, nema til þess sé að geta betur stundað list sína í íslensku þágu, og metur ráðherra það,

b) að maður tekur við föstu starfi með árslaunum, sem svara VIII. launaflokki opinberra starfsmanna eða meira. — Þó má tilnefna mann til hinna sömu listamannalauna eða annarra og veita honum á ný.

8. gr.) Listamannalaun skal greiða hverju sinni með sömu uppþót eftir vísitölu og laun opinberra starfsmanna. Verði almenn hlutfallshækkun gerð á launum opinberra starfsmanna skal fara eins um listamannalaun.

9. gr.) Veita skal, auk fastra listamannalauna, eigi minna en 650 þús. kr. á ári til úthlutunar handa þeim listamönnum, sem ekki njóta fastra listamannalauna. Um þetta fé gilda ákvæði 8. gr. um uppþót eftir vísitölu. Það fé, sem listamanni er veitt til utanfarar eða sem sérstök viðurkenning fyrir tilgreint listaverk, eitt eða fleiri, skal vera skattfrálst.

10. gr.) Listamannafé, sem veitt er samkvæmt 9. gr. til úthlutunar árlega, skal úthlutað af þingkjörinni nefnd, eftir nánari ákvæðum í fjárlögum, en að fengnum um tillögum menntamálaráðs og

fimm manna nefndar, kosinnar af fulltrúaráði Bandalags íslenskra listamanna, og geri hvor aðili í sínu lagi rökstuddar tillögur til úthlutunarnefndar.

11. gr.) Lög þessi öðlast gildi 1. október 1958.

Á þingfundinum í gær fylgdi flutningsmaður frumv. úr hlaði. Hann kvað það að mestu samhljóða frumv., sem hann flutti fyrir 2 árum. Tilgangur frumv. er tvíþættur, sagði ræðumaður: Annars vegar sá að fá meiri festu en verið hefur um hrið í úthlutun listamannalauna, — hins vegar sá að hækka heildarupphæð launanna, en hún hefur farið hlutfallslega lækkandi síðustu áratugi.

Þá rakti Gunnar Thoroddsen frumv. og skýrði ákvæði þess. Hann minnti á, að fyrir allmörgum árum tíðkaðist að taka fjárveitingar til viðurkenndustu listamanna þjóðarinnar á 18. gr. fjárlaga og líta á það sem nokkuð föst framlög. Frá því var horfið, og vakti það óánægju listamanna. Þá gat hann þess einnig, að í þessu frumv. fælist það, sem ekki var í frumv. frá 1956, að gert er ráð fyrir 650 þús. kr. fjárveitingu til þeirra, sem ekki njóta fastra listamannalauna.

Ræðumaður sagði, að nú rynni 1.200.000 kr. til listamannastyrkja. Sé miðað við árið 1931 og heildarupphæð 14. og 15. gr. fjárlaga, en þær fjalla báðar um menningarmál, ætti upphæðin nú að vera um 5 millj. kr. Í þessu frumv. er hins vegar lagt til, að hún verði 2.013.000 kr.

Að lokum gat Gunnar Thoroddsen þess, að nefndir hefðu unnið að því á undanförunum árum að finna lausn á þessu máli, síðast 1956. Hann kvað sitt frumvarp upphaflega samið og flutt að tilhlutan stjórnar Rithöfundafélags Íslands. Höfundur þess var þáverandi ritari þess félags, Helgi Hjörvar. Þá sagðist hann að sálfsögðu vera til viðræðna og um endurbætur á þessu frumvarpi.

Verzlunardeild Verzlunarskólans slitið í gær

Í GÆR var verzlunardeild Verzlunarskólans Íslands slitið við hátíðlega athöfn í Austurbæjarskólanum að kennurum og nemendum viðstöddum. Skólastjórinn dr. Jón Gíslason sagði frá skólafarinu á liðnum vetri. Alls voru 340 nemendur skráðir, 294 í verzlunardeild og 46 í lærðomsdeild. Voru bekkjardeildir 14, allir bekkir í verzlunardeild þrískiptir og tvær bekkjardeildir í lærðomsdeild.

Því næst sagði skólastjóri frá endurbótum þeim, sem gerðar voru á skólahúsinu í fyrrasumar. Var þakinu á vesturhlíð skólahússins lyft, svo að kennslustofur 5. og 6. bekkjar urðu mun rúm- betri.

Vorþrófum í verzlunardeild lauk 27. apríl. Alls gengu 364 nemendur undir árspróf. Úr þeim hópi voru 26 utanskóla. Burtfararprófi í verzlunardeild luku 70 nemendur. Hlutu tveir þeirra fyrstu ágætiseinkunn, 38 fyrstu einkunn og 30 aðra einkunn. Hæstu einkunn á verzlunarprófi og jafnframt í skólanum hlaut Ragnheiður Briem, 7,69 miðað við Örstedeinkunnastiga. Næsthæstur var Árni B. Sveinsson og hlaut hann 7,51. Námsverðlaun voru veitt þeim nemendum, er skóruðu fram úr.

Að lokum beindi skólastjórinn sérstaklega orðum sínum til brautskráðra nemenda, afhenti þeim prófskirteini, árnaði þeim heilla og sagði skólanum slitið.

Gylfi P. Gíslason, menntamála ráðherra tók næst til máls. Hann kvaðst hafa skipað 9 manna nefnd 1956 til að gera tillögur um þessi efni. Hún varð sammála og lagði til, að listamannalaun yrðu veitt í þremur flokkum: 20, 15 og 10 þús. kr. á ári. Kosid skyldi eftir vissum reglum 12 manna listráð. Þar skyldu menn eiga sæti eðlilangt og einir taka laun í hæsta flokki.

Launum skv. 2. og 3. flokki skyldi árlega úthlutað af 5 manna nefnd, en þó var svo fyrir mælt, að listamenn, sem 5 ár í röð eða 8 sinnum alls hefðu hlotið laun skv. 2. flokki, fengju þar eftir föst laun.


Sérstakt 12 manna kjöraráð átti skv. tillögum að velja menn í listráð, en kjöraráðið átti að vera skipað af menntamálaráðherra, háskólaráði og menntamálaráði. Nefndin, sem úthluta skyldi laun um í 2. og 3. flokki, skyldi valin til 3 ára af ráðherra, heimspeki- deild háskólans, listráði (1 frá hverjum aðila) og menntamála- ráði, er skyldi tilnefna 2 menn.

Menntamálaráðherra sagði, að um frumvarp þetta hefði verið rætt við ýmsa aðila og þá komið fram óánægja, einkum vegna þess, að gert var ráð fyrir, að listamönnum, er launa skyldu njóta, fækkaði úr um 100 í 60. Nú hefur ráðuneytið samið annað frumv., sem ekki hafa fengist álitserðir um frá þeim aðilum, er rétt þykir að bera það undir. Þegar það er orðið, sem menntamálaráðherra kvað væntanlega verða fyrir haustið, yrði málið lagt fyrir þingið. Í þessu frumv. ráðuneytisins er gert ráð fyrir, að 10 menn séu í listráði og njóti 35.000 kr. árlegra heildurslauna. Auk þess séu 3 flokkar listamannalauna (20, 12 og 6 þús. kr.) A.m.k. 25 listamenn fái 20 þús. kr laun. Greidd verði vísitöluuppþót og launin verði skattfrjáls.

Gunnar Thoroddsen kvaðst ekki hafa viljað biða lengur með að leggja fram frumv. sitt, þar sem ekkert hefði komið fram á þingi lengi um þessi mál og algers samkomulags gæti orðið langt að biða.

Fulltrúi nemenda, er brautskráðust úr skólanum fyrir 5 árum, flutti ávarp við skólaupp- sögnina og færði skólanum að gjöf frá þessum árgangi nemenda Enska alfræðiorðabókina, nýj- ustu útgáfu. Skólastjórinn þakk- aði þessa göðu gjöf.

Í gærkvöldi var haldin árs- hátíð Nemendasambands Verzlunarskólans í Þjóðleikhúskjallar- anum. Þess skal getið, að loka- fagnaður verzlunarskólanemenda verður í Breiðfirðingabúð í kvöld og er haldinn á vegum 4. bekkja- ar.



Myndlistarsýning Ásgerðar Ester Búadóttur og Benedikts Gunnarssonar hefir nú staðið yfir um skeið í Sýningarsal- num við Ingólfsstræti. Aðsókn hefir verið góð. Síðasti dagur sýningarinnar er í dag. — Myndin sýnir myndvefnað, „Fugl“, eftir Ásgerði.

Sjálfstæðismenn vilja að eftirlit með ríkisrekstrinum sé raunhæft

Stjórnarfrumv. um „ráðstafa- nir til að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins“ var til 3. umr. í neðri deild Alþingis í gær.

Jóhann Hafstein tók fyrstur til máls. Hann minnti á, að við 2. umr. voru breytingatillögur Sjálfstæðismanna felldar og taldi frumv. í núverandi mynd sinni gagnslaut. Kvaðst hann því greiða atkvæði gegn því. —

Magnús Jónsson sagði, að til- gangur stjórnarinnar með frumv. virtist helzt vera sá að geta sagt almenningi, að samþykkt hefði verið á Alþingi frumv. til að ráða bót á því ástandi, sem nú ríkir í fjárfjórninni og almenningur vill ekki sætta sig við. Hins vegar væri það fram komið, að frumv. væri aðeins sýndarmál og til þess fallið að draga úr eftir- riti, sem fjármálaráðuneytinu væri með núgildandi lögum ætl- að að hafa á hendi.

Magnús kvaðst síðan enn vilja freista þess að fá fram leiðrétt- ingar. Bar hann því fram tvær breytingatillögur. Önnur var þess efnis, að sú þriggja manna eftirlitsnefnd, sem um er rætt í frumv., skyldi skipuð tveimur mönnum tilnefndum af fjárveit-

inganefnd Alþingis auk ráðuneyt isstjórnans í fjármálaráðuneytinu. Í frumv. er nú gert ráð fyrir, að nefndina skipi ráðuneytisstjórnin einn maður tilnefndur af fjár- veitinganefnd og einn tilnefndur af ríkisstjórninni í heild. Magnús benti á, að ekki ætti vel við, að framkvæmdavaldið hefði meiri- hluta í nefnd, sem veita ætti sjálfu því aðhald.

Þá lagði Magnús til, að tillög- ur nefndarinnar yrðu bindandi fyrir ráðherra, ef hún er sam- mála um þær. Í frumv. er nú gert ráð fyrir, að þær séu ekki bindandi.

Eftir þetta urðu allmiklar um- ræður og tóku til máls, auk Jó- hanns og Magnúsar, þeir Jón Pálmason, Skúli Guðmundsson og Ólafur Björnsson. M.a. var nokkuð rætt um launagreiðslur til nefndarinnar. Jóhann Haf- stein kvaðst skilja Skúla Guð- mundsson svo, að hann vildi, að nefndin væri ólaunuð, og bar fram breytingatillögu til að fá á- kvæði um það í lögum. Skúli kvað orð sin ekki rétt skilin og lagðist gegn öllum breytingatillögum.

Að umræðunni lokinni var at- kvæðagreiðslu frestað. „

Hærra gjald í hlutatryggingarsjóð

FRUMV. um hlutatryggingasjóð var til 3. umr. í neðri deild Al- þingis í gær. Efni þess er það, að úr sjóðnum verði hér eftir greitt vegna sildveidda með rek- netjum, og hefur áður verið sagt hér í blaðinu frá frumv. og um- ræðum um það. Sjávarútvegs- nefnd neðri deildar lagði til í gær að gjald það, sem greiða á af út-

flutningsverðmæti sildarafurða í sjóðinn, yrði hækkað úr ½% í ¾%. Mælti Karl Guðjónsson fyr- ir tillögunni og minnti á, að sild- veiðideild sjóðsins væri nú í skuld við almennu deildina. Á sl. sumri hefðu verið fluttar út sild- arafurðir fyrir um 200 millj. kr., svo að gjaldið af þeim hefði numið 1 millj. Á móti hefði ríkið lagt jafnháa upphæð. Hins vegar hefðu útgjöld deildarinnar orðið 3,6 millj. kr., ef hlutatrygging hefði verið veitt út á reknetja- veiðar. Væri því þörf fyrir hækka- unina.

Jón Pálmason gagnrýndi hækka- unina og kvaðst ekki telja nein opinber gjöld fráleitari en þau, sem lögd eru á útlutninginn.

Sigurður Ágústsson mælti hins vegar eindregið með breytinga- tillögunni. — Umræðunni var lokið, en atkvæðagreiðslu var frestað.

Lokunartími skrifstofa og sölubúða 1. maí

BLAÐINU barst í gær eftirfar- andi tilkynning um lokunartíma sölubúða og skrifstofa 1. maí:

Í kjarasamningi Verzlunar- mannafélags Reykjavíkur við undirrituð samtök eru engin sér- ákvæði um að loka skuli skrif- stofum og sölubúðum 1. maí.

Hins vegar hefur það viðgeng- izt að skrifstofum og sölubúðum væri lokað frá hádegi þann dag og sjáum vér ekki ástæðu til breytinga í því efni, enda hefur verzlunarfólk sinn sérstaka fri dag.

Félag íslenskra iðnrekenda, Félag íslenskra stórkaupmanna, Samband smásöluverzlana, Verzlunarráð Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands.

Leiklistarmál rædd í Listamannaklúbbnum

Í KVÖLD er Listamannaklúbbur- inn opin í baðstofu Naustsins. Umræðuefni verður: „Leiklist og leikdomarar“, og málshöfundur eru Sigurður Grímsson og Har- aldur Björnsson.

Umræður hefjast klukkan 10 stundvíslega og standa yfir leng- ur en venjulega, þar sem sumir leikarar geta ekki mætt fyrir en eftir leiksýningu.

Fallast á skilyrði

FRÁ París bárust þær fregnir í gærkvöldi, að Vesturveldin mundu fallast á skilyrði þau, sem Rússar hafa sett um undirbún- ingarviðræður fyrir ríkisleiðtoga- fund. Sem kunnugt er, eru skil- yrði Rússa fólgin í því, að Gromyko vill ræða við sendi- herra Vesturveldanna í Moskvu hvern um sig um undirbúning fundarins.

Grasvöllur í stað malarvallar

AKRANESI, 29. apríl — Nú er unnið að því að gera gamla íþróttavöllinn, sem er malarvöllur, að grasvelli. Er verið að aka ofan í hann mold, og á síðan að þekja hann. Samtímis er byrjað á að gera nýjan íþróttavöll. Verður það malarvöllur, sem nota á til æfinga, því að ekki má æfa á grasvöllinum, meðan hann er að gróa upp. Knattspyrnumennirnir verða því að æfa sig annars stað- ar, og í kvöld voru þeir að æfing- um á grasvöllinum við Barnaskól- ann. — Oddur.

Samvinnulaga- frumv. til 3. umr.

A FUNDI neðri deildar Alþingis í gær fór fram atkvæðagreiðsla eftir 2. umræðu um frumvarp ríkisstjórnarinnar um breytingar á lögum um samvinnufélög, en frá umræðunni sjálfri var sagt í blaðinu í gær. 1. grein frum- varpsins var samþykkt með 19 atkvæðum gegn 10 að viðhöfðu nafnakalli (stjórnarliðar með, Sjálfstæðismenn á móti) og frum- varpið síðan afgreitt til 3. um- ræðu.